



SJÁLANDSSKÓLI

10 ÁRA 2005 - 2015

SJÁLANDS  SKÓLI

AFMÆLISBLAÐ SJÁLANDSSKÓLA



Sögumolar

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Sjálandsskóli er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk.

Fyrsti skóladagurinn í var 25. ágúst 2005. Helgi skólastjóri bauð alla velkomna, kennarar kynntu sig og séra Friðrik J. Hjartar blessaði skólann. Síðan sungu allir tvö lög og fóru síðan inn á sín heimasvæði.

Vígsluhátíð var laugardaginn 3. september 2005. Margt góðra gesta kom í heimsókn. Listaverk sem allir nemendur höfðu hannað sameiginlega var sett upp.

Fyrsta útivistarferð í Guðmundarlund var 9. september 2005. Gróðursettar voru plöntur í Sandahlíð sem er beint á móti Guðmundarlundi. Að lokinni gróðursetningu var farið í Guðmundarlund og boðið upp á grillaðar pylsur. Í Guðmundarlundi var svo farið í margskonar leiki. Síðan hefur verið farið á hverju hausti í Guðmundarlund.

Fyrsta sigling við Sjálandsskóla var 19. október 2005 en þá bauðst nemendum að sigla á kanó í sjónum við skólann. Seinna eignaðist skólinn kajaka sem notaðir eru við siglingarnar.

Listaverk eftir Lúkas Kárason komu í skólann í nóvember 2005 og bera heitin öndvegissúla og undraverur og eru unnar úr rekaviði.



Leiksýningar í Sjólandsskóla

Fjölmargar leiksýningar hafa verið settar upp í skólanum á þeim 10 árum sem hann hefur starfað.

Meðal sýninga má nefna Hárið, Sirkus deluxe, Andvaka kóngsdóttir, Blái hnötturinn, Lísa í Undralandi, Fólkið í Blokkinni og Lion king.

Þessar sýningar hafa bæði verið settar upp í tengslum við þema sem nemendur unnu í skólanum og í samstarfi við félagsmiðstöðina Klakann. Ýmsir hljóðfæraleikarar og jafnvel heilu hljómsveitirnar hafa tekið þátt í þessum leiksýningum.



Íþróttadagur

Á hverju hausti er haldinn íþróttadagur í Sjólandsskóla. Nemendur fara á milli íþróttastöðva bæði úti og innanhús, þar sem nemendur reyna við ýmsar ólíkar íþróttir. Norræna skólahlaupið hefur stundum verið hlaupið tengslum við íþróttadaginn.



Útskriftir í Sjalandsskóla

Árið 2011 útskrifaðist fyrsti 10. bekkurinn úr Sjalandsskóla. Ári áður útskrifaðist reyndar Jakob Helgi Bjarnason en hann tók 9. og 10. bekk á einu ári. Hann útskrifaðist þess vegna á undan hópnum sínum og varð því fyrstur til að útskrifast frá Sjalandsskóla. Jakob var efnilegur skíðamaður og mikill námsmaður. Hann tók síðustu

**Jakob Helgi
var fyrsti
útskriftarnemandi
Sjalandsskóla**

tvo bekkina saman vegna þess að hann tók stefnuna á skíðanám erlendis. Eftir að hann útskrifaðist frá Sjalandsskóla stundaði hann nám í norskum skíðamenntaskóla. Jakob



var einn besti skíðamaður landsins áður en hann ákvað að leggja skíðin á hilluna fyrir stuttu.



Umhverfisverðlaun

Þann 2. maí 2008 fékk Sjalandsskóli sérstaka viðurkenningu Garðabæjar fyrir vaska framgöngu í vorhreinsun bæjarins. Páll Hilmarsson afhenti fulltrúum nemenda viðurkenningu við hátíðlega athöfn á Garðatorgi.

Annar áfangi tekin í notkun

Annar áfangi skólans var byggður frá 2008 - 2009, þá var byggt 3.000 fm bygging hinu megin við Hraunholtslækinn. Þar má m.a. finna sundlaug, íþrottasal og mötuneyti. Hann var formlega tekinn í notkun fimmutudaginn 20. ágúst 2009 með athöfn sem öllum bæjarbúum var boðið til.

Í nýja áfanganum er afar góð aðstaða til íþróttaiðkunar, þ.m.t. sundlaug, fjölnota íþrottasalur, danssalur sem hentar vel fyrir jazzballet og eróbik og þrek- og þolsalur. Þar er einnig tónmenntastofa, hljómsveitarherbergi og þrjú herbergi til tónlistarnáms. Þá er í áfanganum aðstaða fyrir tómstundaheimili Sjálandsskóla og hátíðar- og matsalur skólans auk eldhúss. Í kjallara er geymsla sem nýtist kajakklúbbi skólans og Garðabæjar.



Gjöf til heilsugæslunnar

Af tilefni 25 ára afmæli Heilsugæslunnar í Garðabæ í nóvember 2008, bjuggu nemendur í 1.- 4. bekk til fallega bók með teikningum sem þau unnu í myndmennt. Teikningar voru af starfseminni sem fer fram á Heilsugæslunni. Í formlegri athöfn sem haldin var 26. nóvember 2008 komu nemendur úr leik- og grunnskólum Garðabæjar saman á Heilsugæslunni til að afhenda gjafirnar.



Lestrarvinir

Samstarfsverkefni Sjálandsskóla og leikskólans Sjáland, um Lestrarvini fór af stað föstudaginn 5. desember 2008. Tveir nemendur úr Sjálandsskóla fóru og lásu fyrir skólahópinn á leikskólanum. Þetta tókst mjög vel og varð þetta vikulegur viðburður

Fimm krabbar

Nokkrir strákar fóru með Sigurði húsverði niður að sjó 21. apríl 2008 til þess að skoða krabbagildruna sem hafði verið þar í nokkra daga. Þeir höfðu klófest 5 kuðungakrabba.

**Er Grýla dauð?**

Nemendur í 1. og 2. bekk fóru í heimsókn í Árbæjarsafn 15. desember 2008. Þar voru nemendur fræddir um jólin og jólasíði í gamla daga. Þetta var mjög fróðleg og skemmtileg ferð og krakkarnir voru eins og gefur að skilja mjög uppteknir af gömlu jólasveinunum og hrekkjum þeirra. Einnig var velt upp þeirri stóru spurningu um hvor Grýla væri dauð eða ekki. Ekki fékkst svar við því enda kannski öllum sama þegar öllu er á botninn hvolft.

Nemendur í Jónshúsi

Nemendur í 7. bekk fóru í heimsókn í Jónshús 10. nóvember 2008 og ræddu við eldri borgara. Þetta var mjög ánægjuleg heimsókn. Þar sem þau fræddust um margt úr lífi eldra fólksins frá því þau voru börn. Einstaklega vel var tekið á móti nemendum.

Söfnuðu 965.196 kr.

Bergsteinn frá Unicef á Íslandi kom í skólann 30. maí 2008 og veitti skólanum viðurkenningu fyrir þátttöku í UNICEF hlaupinu. Hann lagði áherslu hve mikilvægt það væri að taka þátt í hlaupinu og að sýna í verki að maður vilji láta gott af sér leiða og hugsi um aðra. Nemendur í Sjálandsskóla söfnuðu 865.196 krónur í hlaupinu. Nemendur í 7. bekk bættu 100.000 kr. við upphæðina sem var ágóði af ljóðabók sem þau gáfu út.

Ertu úr bítlunum

14. desember 2010 kom rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson í heimsókn í Sjálandsskóla og las úr bókum sínum. Fyrst las hann fyrir 1.-6. bekk og síðan fyrir 7.-10. bekk. Krakkarnir hlustuðu vel og höfðu gaman af lestrinum. Einn nemandi spurði hvort Þorgrímur væri út Bítlunum og hann tók þá lagið og söng brot úr Bítlalagi við mikinn fögnuð nemenda.

Viðtal við Helga skólastjóra

Hvað heitir þú fullu nafni?

Ég heiti Helgi Grímsson.

Hvað varstu að gera áður en þú varst skólastjóri Sjálandsskóla?

Ég stýrði félagsmiðstöð og var skólastjóri í Lauganesskóla.

Hversu lengi hefur þú verið skólastjóri?

Ég hef verið skólastjóri í 15 ár.

Hvað er eftirminnlegasta árið sem þú hefur verið í Sjálandsskóla?

Fyrsta árið hér í Sjálandsskóla er mjög eftirminnlegt, vegna þess að við vorum að prófa margt nýtt. Margt af því sem við gerðum tilraunir með fyrsta árið hefur fest sig í sessi og er enn í dag.

Hvað er eftirminnlegasta atvikið í Sjálandsskóla?

Þegar við fengum Íslensku menntaverðlaunin 2011. Einnig þegar ég var á kajak og það var einn nemandi sem velti kajaknum sínum. Það gerðist á öðru starfsárinu og við vorum að róa milli Gálgakletts og Bessastaða. Sigurður húsvörður var sem betur fer með á gúmmíbát rétt hjá og gat tekið nemandann upp í gúmmíbátinn.



Viðtal við Óla tónmenntakennara

Hvað heitir þú fullu nafni?

Ég heiti Ólafur Schram.

Hvað hefurðu verið kennari lengi?

Ég hef verið kennari í 16 ár.

Hvað hefur þú kennt lengi í Sjálandsskóla?

Ég hef kennt hér í 10 ár.

Hefur þú kennt eitthvað annað en tónment?

Já, ég hef verið umsjónarkennari, stærðfræðikennari, enskukennari og skólastjóri.

Hvað er eftirminnilegasta árið sem þú hefur kennt í Sjálandsskóla?

Fyrsta árið, því þá var ég næstum farinn yfir um.

Hvað er eftirminnilegasta atvikið í Sjálandsskóla?

Þegar ég var á kajak með nemendum og kajaknum mínum hvolfdi. Síðan hef ég ekki fengið að fara með nemendum á kajak, segir hann brosandí.



Skólakór Sjálandsskóla

Skólakór Sjálandsskóla var stofnaður árið 2008 hann hélt sína fyrstu tónleika í desember það árið. Kórinn er enn starfandi og stjórnandi hans er Ólafur Schram tónmenntakennari skólans.





9. bekkur í Lillehammer

9. bekkur skólans skólaárið 2009 - 2010 var dreginn út sem fulltrúi Íslands á vetraríþróttahátíð í Lillehammer í Noregi dagana 31. janúar - 5. febrúar 2010. Á hátíðina var boðið einum bekk af unglíngastigi frá hverju Norðurlandanna, auk Eistlands, Lettlands og Litháens. Nemendur fengu kynningu og kennslu í vetraríþróttum auk þess sem unnið var við að gera listaverk úr snjó, farnar sleðaferðir og fleira skemmtilegt. Krakkarnir þurftu að borga hluta ferðarinnar sjálf og stóðu því í strangri fjáröflun fyrir ferðina. Hægt er að sjá dagbók ferðarinnar og myndir á vefslóðinni: lillehammerbloggid.blog.is



Kertagerð

Á hverju ári hafa nemendur 1. og 2. bekk Sjálandsskóla farið heim til Siggu sérkennara við skólann. Sigga og Bjössi maðurinn hennar taka á móti nemendum á heimili sínu. Í þessari heimsókn fá nemendur að leika sér með leikföng sem mörg hver eru frá því að börnin þeirra Siggu og Bjössa voru lítil. Bjössi kennir þeim að steypa kerti og svo er boðið uppá heimatilbúnar veitingar.





Vetrarferð

Ein af föstum punktum í starfi skólans er vetrarferð í Bláfjöll. Allir nemendur og starfsmenn skólans taka þátt í henni. Það eru glaðir og áhugasamir nemendur, starfsmenn og foreldrar sem bruna niður brekkurnar á skíðum, brettum og þotum. Ávallt eru einhverjir að stíga sín fyrstu skref á skíðum í þessari ferð en flestir eru ótrúlega fljótir að læra undirstöðuatriðin. Í starfsmannahópnum er mikið af færðu skíðafólki sem sér um kennsluna. Einnig mæta ávallt nokkir foreldrar og hjálpa til. Það er samdóma álit okkar í skólanum að vetrarferðin sé ein af hápunktum skólaársins – slík er ánægjan og gleðin.

Íslensku menntaverðlaunin

Forseti Íslands afhenti miðvikudaginn 9. nóvember 2011, Íslensku menntaverðlaunin fyrir árið 2011. Verðlaunin voru afhent við fjölmenna athöfn í Sjálandsskóla og hlaut skólinn verðlaun fyrir metnaðarfullt starf frá stofnum skólans.



Vinavika og gleðidagur

Í nóvember ár hvert fer fram vinavika í skólanum og í lok hennar er haldinn Gleðidagur. Í vinavikunni eru unnin ýmisleg verkefni tengd vináttu. Í lok vinaviku er svo Gleðidagurinn, þá koma nemendur með kræsingar á hlaðborð á sitt svæði og klæðast sparifatnaði. Ýmsir gestir hafa komið í heimsókn í vinavikunni eins og Ólafur Stefánsson handboltamaður, Þorbergur Þránínsson rithöfundur og Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar.



vilja  virða

Vorleikarnir

Í lok skólaárs fara fram Vorleikar Sjálandsskóla. Þeir standa yfir í tvo daga og enda á grillveislu þar sem grillaðar eru pylsur. Á vorleikunum vinna nemendur ýmisleg verkefni, spila hin ýmsu spil, leysa þrautir ofl. Nemendur fara á milli staða í litlum hópum.



Áhugamálið mitt - Mótorcross

"Geðveikt skemmtilegt sport fyrir suma sem nenna að vera í því"

Mótorkross er íþrótt fyrir þá sem finnst gaman af útiveru. Ef þú vilt vera góður í mótorkross þarftu að vera í góðu líkamlegu formi. Það er gaman að hjóla í mótorkross enn mér finnst leiðinlegt að gera við hjólin. Það sem þarf

til að stunda Mótorkross er sjálfsgöðu mótorkrosshjól, einnig þarf að vera í brynju sem inniheldur sérstaka skó, nýrnabelti, hálskraga, hnéhlífar, hjálm og gleraugu. Svo eru líka sérstakir gallar sem passa utan yfir brynjuna. Meðal fyrirtækja sem framleiða mótorkrosshjól eru Honda, Kawasaki, Ktm og Yamaha.



Óliver Glick 9. bekk

Leikfangagerð



5. nóvember 2009 fóru nemendur í 5. og 6. bekk í leikfangagerð á Garðatorgi á vegum Hönnunarsafnsins, Ikea og Sorpu. Leikföngin eða hlutirnir sem þeir bjuggu til voru búnir til úr efni sem við yfirleitt lítum á sem rusl. Nemendur voru ekki í neinum vandræðum með að skapa fjölbreytilega hluti, allt frá drykkjarmálum sem hægt var að drekka úr án þess að nota hendur, hristur, brúður og ýmsar kertaskreytingar ásamt óróa og skúlptúr svo fátt eitt sé nefnt. Skemmtilegur dagur þar sem sköpunarþörfin fékk lausan tauminn.

Öskudagurinn

Það er ávallt mikið fjör í skólanum á öskudag. Nemendur og starfsfólk mæta í skólann í búningum. Dagurinn hefst með skemmtun á sal skólans þar sem nemendur bjóða upp á fjölbreytt skemmtiatriði. Þegar skemmtuninni í salnum lýkur, þræmma nemendur á milli búða sem búið er að koma fyrir hér og þar um skólann. Nemendur eru með skemmtiatriði eða leysa þrautir og fá góðgæti fyrir. Einnig er sett upp draugahús sem nemendur fara í gegnum.



vilja  **virða**

Áherslur skólans

Í Sjálandsskóla er unnið í anda hugsmíðahyggjunnar. Áhersla er lögð á að tengja saman skólann, umhverfi og samfélag. Skólinn er þátttakandi í grænfánaverkefni Landverndar og er heilsueflandi skóli. Skólinn leggur áherslu á lýðræðis- og borgaravitund nemenda.



Diskur með merki skólans

Alexandra og Ellen nemendur í 9. bekk skólárið 2008 - 2009 færðu skólanum fallega gjöf. Þær höfðu hannað og útbúið disk með merki skólans í vali í glerlist.

Comeniusarverkefni

Verðlaun fyrir "Treasure Island"

Skólaárið 2013 -2014 fékk verkefni 1. - 2. bekkjar í Sjálandsskóla verðlaun fyrir verkefnið "Treasure Island" sem nemendur og kennarar hafa verið að vinna við síðan haustið 2011. Sjálandsskóli fékk styrk frá Menntaáætlun ESB fyrir árin 2011 – 2013 til að taka þátt í verkefninu. Nemendur í 1. og 2. bekk, ásamt umsjónarkennurum, listgreinakennurum og tónmenntakennara tóku að sér að vinna þetta verkefni sem grunnskólar frá 8 Evrópuþjóðum voru þátttakendur í.



Nemendur fylgdust meðal annars með notkun vatns í skólanum og leituðu leiða til að spara vatnið. Nemendur lærðu lög um vatnið á tungumálum samstarfsskólanna og tóku þátt í lestrarátaki. Nemendur fengu tækifæri til að æfa sig í ensku þar sem þeir hafa haft sameiginlega fundi (Flashmeetings) með samstarfsskólunum á ensku. Árið 2013 fékk verkefnið viðurkenningu bæði eTwinning Quality Label og líka European Quality Label.

Megin áhersla er lögð á vatnið og mikilvægi þess fyrir menn, dýr og plöntur.

Once up on an Island

Sjálandsskóli fékk úthlutað styrk frá Menntaáætlun ESB til þess að taka þátt í Evrópsku samstarfsverkefni fyrir skólaárin 2013–2015. Þetta verkefni er framhaldsverkefni

Þátttökuskólarnir eiga líkt og áður að vera á eyju.



Fjársjóðseyjunnar

(Treasure Island) og ber yfirskriftina "Once up on an Island". Verkefnið er unnið í samstarfi grunn- og leikskóla í 8 löndum í Evrópu. Þessi lönd eru Ísland, Danmörk, England, Spánn, Pólland, Frakkland, Grikkland og Ítalía. Nemendur í 1. - 4. bekk taka þátt í þessu verkefni og er áherslan á sagnasjóð viðkomandi samfélaga.

Nemendur lásu 442 bækur

Lestraráttak stóð yfir í skólanum frá 7. apríl og til 22. apríl 2015. Allt starfsfólk skólans gerði hlé á vinnu sinni 6 sinnum á tímabilinu og las í 20 mínútur um leið og nemendurnir. Einnig klipptu nemendur út miða sem voru eins og bókakjölur á bók í mismunandi stærð eftir því hvað þeir lásu langa bók, skrifuðu titil á bók og blaðsíðufjölda á „kjölinn“. Síðan var „bókakjölurinn“ settur í hillur sem komið var upp í gluggana fyrir framan bókasafnið. Nemendur lásu samtals 442 bækur og næstum 56 þúsund blaðsíður.



Útilistaverk við lækinn

Nemendur settu upp útilistaverki við læk skólans í lok apríl 2015. Þetta voru ýmis vatna- og sjávardýr sem voru fest á steina eða voru á stöngum sem búið var að festa niður við lækinn. Einnig var komið fyrir litaglöðum steinum og öðru skauti sem setja skemmtilegan svip á umhverfið.




Siglingar við Sjálandsskóla

Sjálandsskóli stendur við Arnarnesvog. Frá upphafi skólans hefur það verið lögð áhersla á að kenna siglingar. Skólinn á kajaka sen notaðir eru við kennsluna. Á siglingunni er margt sem ber fyrir augu nemenda eins og fjölbreyttar sjávarlífverur. Yfirumsjón með siglingunum hefur verið í höndum Helga skólustjóra skólans.



Bréfdúfur flugu frá skólanum

7. maí 2015 fengu nemendur í 3. – 4. bekk skólans skemmtilega heimsókn en það var Rögnvaldur Guðmundsson sem mætti með nokkrar bréfdúfur með sér. Hann byrjaði á að ræða við nemendur um bréfdúfur og hver væri munurinn á þeim og öðrum dúfum. Eftir að nemendur höfðu fengið að halda á þeim og skoða var farið út á skólalóð þar sem nemendur fengu að sleppa dúfunum. Þær flugu af stað og var tignarlegt að sjá þær fljúga um og hverfa svo þar sem þær flugu í átt til miðborgar Reykjavíkur þar sem heimili þeirra er.





Listadagar

Dagana 24. apríl – 4. maí 2014 voru listadagar haldnir í Garðabæ. Í tilefni að því tóku allir nemendur skólans þátt í sameiginlegu listaverki sem er til sýnis í skólanum. Verkið er heildstætt verkefni tengt þjóðsögunum og sýnir skáld sem situr á bekk með bækur og þjóðsagnaverur í kringum sig. Nemendur í unglíngadeild bjuggu til skáldið og bekkurinn sem hann situr á er gerður úr bókum. 1.-2. bekkur bjó til tréð sem skáldið situr hjá og 7. bekkur bjó til þjóðsagnaverurnar sem umkringja skáldið. 5.-6. bekkur bjó til stóra bók sem skáldið heldur á og hver nemandi gerði eina blaðsíðu í bókinni. Við hlið skáldsins er ferðataska full af litlum bókum með sögum frá 3. - 4. bekk.

Sælukot

Tómstundaheimilið Sælukot er staðsett á 2. hæð í íþróttáafanga Sjálandsskóla. Einnig eru fleiri staðir nýtir innan skólans eins tónmenntastofa, myndmenntastofa, íþróttahús og danssalur. Að loknum skóladegi fara nemendur í Sælukot sem er opið til kl. 17:00.



Ráðherra í heimsókn

Katrín Jakobsdóttir, heimsótti Sjálandsskóla ásamt nokkrum starfsmönnum ráðuneytisins 15. febrúar 2012. Heimsóknin hófst með því að hlýða á morgunsöng, þar sem allir nemendur sungu tvö lög að venju og kór skólans söng einnig eitt lag. Að því loknu fór ráðherrann og fylgdarlið um skólann og kynntu sér starfsemi hans og ræddu við nemendur og starfsfólk skólans. Nemendur sáu sjálfir um að kynna það sem hver hópur var að vinna við.

Útikennsla

Alveg frá stofnun skólans hefur verið lagt mikið upp úr útikennslu í Sjálandsskóla. Nemendur í 1. – 7. bekk fara í útikennslu einu sinni í viku. Verkefni eru fjölbreytt. Þau geta verið unnin á skólalóðinni, í fjörunni, í hrauninu eða farið ferðir sem, svo sem heimsókn á vinnustaði, söfn og þess háttar. Hér fyrir neðan má lesa þrjár fréttir frá útikennslunni.



Útikennsla í Gálgahrauni

9. 2. 2010

Nemendur í 3. - 4. bekk fóru í Gálgahraun. Nemendur bjuggu til brauðdeig í skólanum áður en lagt var af stað. Í Gálgahrauni reistu nemendur tjald, vöfðu brauðdeiginu um birkigreinar og bökuðu yfir opnum eldi. Í tjaldinu var hitað vatn í kakó á prímusum. Frábær útikennsla í alla staði.

Útikennsla hjá 5. - 6. bekk

26. 10. 2010

Þrjú verkefni voru í gangi, eitt var að baka brauð, annað að spila kubbaspil og þriðja að vinna að persónusköpun með persónur úr Snorra sögu. Þetta gekk vel og krakkarnir stóðu sig frábærlega og skemmtu sér vel.




Rattleikur

22.11.2012

Nemendur í 7. bekk fóru í rattleik sem fjallar um þema vikunnar, mannlíkamann. Nemendur leystu ýmis verkefni sem tengdust líkamanum, s.s. taka púlsinn, gera ýmsar líkamsæfingar og finna út hvaða vöðva þeir notuðu. Þeir svöruðu ýmsum spurningum og merktu helstu beinin inn á mynd af beinagrind. Mikill áhugi og gleði skein úr augum nemenda í þrátt fyrir mikinn kulda þennan dag.

Sjáländsskóli 10 ára

Fimmtudaginn 30. apríl 2015 var haldin 10 ára afmælishátíð Sjáländsskóla. Hátíðin hófst á sal skólans með því að Lúðrasveit Garðabæjar spilaði nokkur lög, Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar var með ávarp og afhenti skólanum blómvönd í tilefni dagsins. Lára Sif Davíðsdóttir nemandi í 10. bekk, sem er eini nemandi skólans sem hefur verið öll 10 ár skólans, flutti stutt ávarp. Skólakór Sjáländsskóla flutti nokkur lög að lokum. Eftir hátíðina á sal var opið hús í skólanum þar sem nemendur, foreldrar og aðrir gestir gengu um skólann og skoðuðu verkefni sem nemendur höfðu gert í tilefni af afmælinu. Boðið var upp á kaffi og afmælistöku.



10 ár í Sjáländsskóla

Einn nemandi hefur verið í skólanum öll 10 árin sem hann hefur starfað en það er Lára Sif Davíðsdóttir nemandi í 10. bekk. Lára Sif flutti ávarp á 10 ára afmælishátíð skólans.



Félagsmiðstöðin Klakinn

Félagsmiðstöðin Klakinn í Sjálandsskóla er staðsett inni á unglingsvæði skólans. Hún er opin á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum frá 19.30-22.00. Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að styðja við börn og unglinga í gegnum fjölbreytt tómsundastarf, hópefli og hópastarf. Megin markmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómsundir undir leiðsögn reyndra tómsundaleiðbeinenda. Leiðarljós starfsins er að efla félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglinga. Unnið er út frá hugmyndafræði barna- og unglíngalýðræðis, hugmyndum og áhugasviði nemenda skólans. Nemendur taka virkan þátt í dagskrá og verkefnavali félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin heldur utan um félagsmálaval skólans sem og stjórn nemendafélagsins.

Félagsmiðstöðin fær nýtt nafn

Félagsmiðstöðin fékk nafnið Klakinn í september 2012. Í samráði við nemendur í unglíngadeild var ákveðið að skipta um nafn á félagsmiðstöðinni þar sem nemendur voru ekki sáttir við fyrri nafngiftir. Félagsmiðstöðin hét áður Herkulez. Fyrstu árin var félagsstarfið hluti af starfi félagsmiðstöðvarinnar í Garðalundi.



Þetta blað var unnið af nemendum í vali í unglíngadeild Sjálandsskóla .
Umsjón og ábyrgðarmaður er Óskar Birgisson.